


Ársskýrsla stjórnar SFR 2001



STARFSMAFFÉLAG
RÍKISSTOFNANA



EFNISYFIRLIT

Við köllum eftir viðhorfsbreytingu.

Jens Andrússon formaður SFR.	3
Skrifstofan er lífæð félagsins. Viðtal við	
Árna Stefán Jónsson framkvæmdastjóra	4
Kjarasamningur SFR. Margvíslegar upplýsingar um	
kjaramálin	6
Það verða allir að þekkja sögu sína.	
Viðtal við Þorleif Óskarsson sagnfræðing.	8
Aðalfundurinn árið 2001	10

Félagstíðindin mælast vel fyrir. Spjallað við

Jóhönnu Þórdórsdóttur fræðslustjóra	15
Fræðslustarfið	16
Tillaga að ályktunum aðalfundar árið 2002	20
Trúnaðarmannatal SFR	23

Auk þess eru margvíslegar aðrar fréttir og upplýsingar um málefni félagsins á starfsárinu 2001.

Kallað eftir viðhorfsbreytingu



Sú var tíðin að það þótti eftirsóknarvert að vera í opinberri þjónustu. Á seinni tímum hefur þetta hins vegar verið öfugsnúið og störf opinberra starfsmanna oft litin hornauga. Skiptir þá litlu þótt fólk sé að vinna afar mikilvæg störf í almannapágu.

Menn hafa ekki sést fyrir í gagnrýni og árásum gegn opinberum rekstri, rekstri á vegum ríkis og sveitarfélaga. Margir opinberir starfsmenn hafa þurft að þola móðgun og oflæti þeirra sem gert hafa lítið úr vinnu okkar. Við höfum varist þessari gagnrýni og vísun þessu ofstæki á bug.

Ímynd hins opinbera starfsmanns hefur ekki þótt vera jákvæð og sterk. Í glansheimi hvunn dagsins hefur það ekki þótt henta að afgreiða í ríkisstofnun, skammta mat og skúra, þrifa og þvo á barnaheimilunum, vinna hjá skattinum eða tollinum og svo framvegis. Það dettur engum í hug að líkja fólkinu okkar í eldhúsum spítalanna við glimmerfólkið í "séðogheyrtheiminum". Og samt er okkar fólk að vinna göfug störf í samfélagsþágu. Það er að hjúkra og liðsinna fólki, það er að halda uppi þjónustu á skrifstofum, í eldhúsum, við sjúkrahæð gamalla og veikra. Já, ímynd hins opinbera starfsmanns er stundum ekki nógu sterk og góð í þjóðfélaginu. Opinberir starfsmenn eiga ekki alltaf auðvelt með að verja starfsheiður sinn gagnvart margvíslegum árásum og gagnrýni. Við köllum því eftir endurmati þjóðfélagsins á störfum í samfélagsþjónustunni.

Margir starfsmenn hafa unnið í samfélagsþjónustu svo árum og áratugum skiptir. Í þjóðfélagi sem einkennist af æskudýrkun og yfirborðs-

mennsku er hætt við að hin hljóðu störf, umönnunarstörfin og vinnan við að halda gangvirki þjóðfélagsins í lagi, njóti hvorki þeirrar virðingar né viðurkenningar sem hún á skilið.

Við köllum því eftir því að reynsla sé metin að verðleikum.

Viða í samfélagsþjónustunni vinnur fólk af erlendu bergi brotið, innflytjendur, við hlið okkar sem fædd erum á Íslandi. Við erum að vinna í sátt og samlyndi að afar mikilvægum störfum, til dæmis á sjúkrahúsunum, sem ættu auðvitað ekki að vera slík láglaunasvæði sem raun ber vitni. Við köllum eftir viðurkenningu í formi bættra launakjara.

Þessir nýju Íslendingar hafa stundum goldið erlends uppruna síns, litarháttar eða trúarbragða. Það er alveg ljóst að slíkt er lagabrot og brot á almennum mannréttindum. Við teljum algerlega óviðunandi að slíkt ástand geti komið upp á íslenskum vinnustöðum og í íslensku þjóðfélagi. Hér er um grundvallarmál að ræða, sem snertir almenn mannréttindi, reisin einstaklinga og sjálfsvirðingu okkar eigin samfélags. Nýir Íslendingar hafa auðgað mannlífið hér á landi með margvíslegum hætti. Við þurfum að efla það fjölmenningarlega þjóðfélag sem gefur lífi okkar allra meira gildi.

Við köllum því eftir viðhorfsbreytingu.

Jens Andrésen, formaður SFR

Skrifstofan er lífæð félagsins



Félagsmenn krefjast miklu meiri upplýsinga nú en áður og vilja meiri þjónustu og við reynum að bregðast vel við því, segir Árni Stefán Jónsson, framkvæmdastjóri SFR, í spjalli um starfsemi skrifstofu og stjórnar SFR.

Hér á skrifstofunni eru fimm manns í fullri vinnu auk starfandi formanns félagsins. Auk þess eru menn ráðnir í tímabundin störf og má þar nefna Þorleif Óskarsson sagnfræðing sem er að skrifa sögu SFR.

-Skrifstofan kemur að öllum verkefnum félagsins, stórum sem smáum. Hún er eins konar lífæð félagsins. Afgreiðsla sjóða sem heyra undir félagið, starfsmenntunarsjóðs

Félagsmenn kalla eftir meiri þjónustu og félagið reynir að bregðast vel við, segir Árni Stefán Jónsson framkvæmdastjóri

og styrktar- og sjúkrasjóðs, fer hér fram sem og þróun á Símenntunarsjóði SFR.

Þá fer hér fram innheimta á félagsgjöldum og sjóðagjöldum og afgreiðsla á orlofshúsum til félagsmanna.

-Mikið af tíma okkar fer í að svara margvíslegum fyrirspurnum félagsmanna um kaup og kjör, réttindi og skyldur og ýmsa aðra formlega þætti varðandi samskipti við vinnuveitendur. Skrifstofan er með töluverða kynningarstarfsemi, gefið er út félagsblað, rekin heimasíða og haldið uppi fjölbreyttri starfsemi vegna trúnaðarmanna með tilheyrandi útgáfustarfsemi. Öllum nýjum félagsmönnum eru send gögn um félagið þannig að þeir eigi möguleika á að fylgjast með og taka þátt í starfinu.

Fjárhagsstaða batnað til muna

-Fjárhagsleg staða félagsins hefur batnað til mikilla muna á andanförnum árum. Við höfum reynt að halda vel á spöðunum. Góð fjárhagsstaða stéttarfélags er ákveðið öryggisatriði og styrkir félagið í kjarabaráttunni. Eignastaðan hefur einnig batnað, sjóðirnir hafa verið styrkja stöðu sína og hlutur okkar í BSRB-húsinu hefur stækkað.

-Það eru alla jafnan miklar annir á skrifstofunni og starfsemin hefur verið að aukast jafnt og þétt vegna vaxandi þjónustu. Við erum að taka upp nýja sjóði og auka þá starfsmenntun sem félagið stendur fyrir. Samningarnir eru orðnir viðameiri og flóknari og við erum farnir að semja við fleiri aðila. Sumum ríkisfyrirtækjum hefur verið breytt í hlutafélög og þar fram eftir götunum. Þetta hefur leitt til þess að

Félagstíðindi

Ábyrgðarmaður: Jens Andrésson

Ritnefnd: Birna Karlsdóttir, Jan Agnar Ingimundarson, Eyjólfur Magnússon, Sigríður Kristinsdóttir og Valdimar Leó Friðriksson

Umsjón: Árni St. Jónsson og Jóhanna Þórdórsdóttir

Umbrot: Blaðasmiðjan

Prentun: Hjá Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja

Skrifstofa SFR er á Grettisgötu 89, 105 Reykjavík

Opið: 8-16.

Sími: 525-8340

Bréfasími: 525-8349

Símatími: 9-16

Heimasíða: www.sfr.is





Jóhanna Þórdórsdóttir, Árni Stefán, Guðlaug Sigurðardóttir og Lilja Laxdal á vikulegum starfsmannafundi. Guðlaug Hreinsdóttir og Jens Andrésson eru einnig á þessum föstu fundum sem og tilfallandi lausamenn í störfum fyrir SFR.

við höfum samfara þessari þróun þurft að fjölga starfsfólki og fyrirsjáanlegt að svo verði áfram.

-Jú, það er mikið álag á starfsfólkinu. Við höfum tekið upp reglulega starfsmannafundi, skipulagsfundum á mánudagsmorgnum og hálfsmánaðarlega eru lengri fundir um verkefni skrifstofunnar. Hér er um ákveðna þróun að ræða sem er í nokkru samræmi við það sem gerst hefur annars staðar á vinnumarkaðinum.

Reynslan góð af nýja launakerfinu

-Meðal stórra verkefna er gerð kjarasamninga og síðan gerð stofnanasamninga eftir að nýja launakerfið var tekið upp.

Reynslan er mjög góð. Hið stífa, miðlæga kjarasamningakerfi svaraði ekki lengur kröfum tímans. Í stofnanasamningum er fyrst og fremst tekið á launamyndun. Launakerfið hefur verið í þróun frá því það var tekið upp 1998 og fram til þessa höfum við metið það þannig að þetta hafi skilað sér vel til félagsmanna. Geta má þess sérstaklega að inn í þessa stofnanasamninga höfum við náð fleiri þáttum til að

meta til launahækkana. Persónuleg reynsla, starfsmenntun og menntun viðkomandi er betur metin en áður. Launapróun og launamyndun tekur nú einnig meira mið af aðstæðum á vinnustöðunum sjálfum.

Orlofsmál í endurnýjun

Við höfum verið að auka möguleika félagsmanna í orlofshúsamálum og bættum nýlega við tveimur glæsilegum sumarhúsum í Húsafelli. Þar á ekki að skorta nein þægindi fyrir félagsmenn. Þá höfum við boðið upp á nýjungar eins og útleigu á tjaldvögnum, höfum aukið við möguleikann á orlofshúsum á Spáni og verið með mjög vinsælt afsláttarkerfi á Edduhótelunum.

-Orlofshúsin á hefðbundnu stöðunum eru sífellt til skoðunar. Hinar stóru eignir okkar í Munaðarnesi í gegnum BSRB hafa verið nokkuð til umræðu og ýmsum hefur þótt skorta á þægindi þar. Nú er hins vegar ákveðin þróun í gangi varðandi það svæði og hugsanlega verða möguleikar á heitu vatni þar innan fárra missera. Engu að síður fara margir í Munaðarnes á hverju ári og telja má fullvíst að eftir breytingar þar verði eftirspurnin enn meiri.

Öflug og áhugasöm stjórn

Stjórnarfundir eru haldnir reglulega á hálfsmánaðarfresti utan sumarorlofs. Auk þess heldur stjórnin 2-3 starfsdaga árlega þar sem tekin eru fyrir stærri mál í víðara samhengi, stefnumótun til framtíðar. Stjórnin samanstendur af fólki sem hefur mikinn áhuga og gott að vinna í samstarfi við hana.

Után hefðbundinna starfa við kjarasamninga og eftirfylgni vegna þeirra hefur stjórnin horft til lengri tíma og velt fyrir sér starfsemi stéttarfélagins okkar í breyttu þjóðfélagi - meira í átt til framtíðar, þ.e. hvernig félagið ætti helst að takast á við framtíðina. Miklar vangaveltur hafa átt sér stað um ímynd félagsins og félagsmanna samfara þjóðfélagsþróuninni og breytingum á vinnumarkaðinum. Unnið hefur verið að ákveðinni sóknaráætlun, þar sem kynningarstarfsemi fléttast inn í áformin um að treysta ímyndina og auka velvilja samfélagsins gagnvart okkur. Allir gera sér grein fyrir að hverju stéttarfélagi er nauðsynlegt að breyta um aðferðir og taka þátt í þjóðfélagsbreytingum, sagði Árni Stefán Jónsson að lokum.

*Frá undirritun
kjarasamnings SFR
og viðsemjenda
25. mars
síðastliðinn. Með
samanburði við
kröfugerðina sem
lagt var af stað
með má draga þá
ályktun að félags-
menn megi vel við
árangurinn una.*



Kjarasamningur SFR

Helstu atriði hans eru:

Gildistími kjarasamningsins er frá 1. mars 2001 til 30. nóvember 2004 og hækkar launataflan í upphafi samningstímans um 6,9%, 3% 1. jan. 2002, 3% 1. jan. 2003 og 3% 1. jan. 2004.

Aðilar eru sammála um með vísan til gr. 1.1.4 að grípa til sérstakra ráðstafana svo bæta megi kjör þeirra sem lakast eru settir og draga úr

**Samningsaðilar
undirrituðu
kjarasamning
fyrir félagsmenn
SFR 25. mars**

óhóflegri starfsmannaveltu. Í því skyni verði stofnuð sérstök nefnd, skipuð þremur fulltrúum hvors aðila, og hefur hún til ráðstöfunar allt að 300 milljónir króna (á ársgrundvelli). Sérstaklega verði skoðað hvort launakerfið skili eðlilegri framþróun launa. Skulu aðilar leggja sameiginlegt mat á þróunina og gera tillögur um viðbrögð. Einnig er markmiðið með þessu að ná lægstu laununum

Kröfugerð SFR var:

Auk fyrstu kröfunnar um að stefnt skuli að hækkun byrjunarlauna upp í 112 þúsund krónur var stefnt að því í kröfugerð SFR að:

- Kaupmáttur verði aukinn og tryggður á samningstímanum.
- Núverandi launatafla verði endurskoðuð með tilliti til uppbyggingar á töflunni og lengdar.
- Sérstaklega verði tekið fyrir launamunur milli karla og kvenna og munur milli stofnana og einstakra starfsstétta.
- Framlag til starfsnáms og símenntunar verði aukið. Starfsmönnum verði tryggður aðgangur að símenntun og símenntunin verði sjálf-sagður hluti af vinnunni.
- Greitt verði 2% í séreignarlífeyrissjóð fyrir starfsmenn.
- Gengið frá sératriðum sem taka til sértækra mála.
- Sérstaklega verði endurskoðaðir kaflarnir um hvíldartíma og vaktavinnu í kjarasamningnum.
- Vinnutími verði stytur án skerðingar launa.

70% samþykktu samninginn

Skrið var undir kjarasamning milli Starfsmannafélags ríkisstofnana og fjármálaráðherra 25. mars sl. Kjarasamningurinn var samþykktur í allsherjaratkvæðagreiðslu og tilkynnt um úrslit 18. apríl. Á kjörskrá voru 4878 félagsmenn en 2484 greiddu atkvæði, eða 51% félagsmanna. Þar af sögðu 70% já og 28% nei, auð og ógild atkvæði voru 2%.



Kjarasamningar eru afrakstur af störfum félagsins, virkni félaga og málafylgju um margra ára skeið. Hjá SFR starfar samninganefnd ötulllega að samningum, sömuleiðis trúnaðarmannaráð og um ýmsa þætti er víða fjallað í ráðum og nefndum félagsins. Auk þess njótum við atfylgi heildarsamtaka okkar, BSRB, í kjarasamningum.

upp í 112 þúsund krónur á samningstímanum.

Aðrar meginforsendur kjarasamningsins eru:

- 10 þúsund króna eingreiðslur til allra 1. maí 2001 og aftur 1. júní 2001 (m.v. fullt starf).
- Aukin áhersla á starfsmenntunarmál með stærra framlagi í þróunar- og símenntunarsjóð úr 0,28 í 0,35% af heildarlaunum. Einnig er stefnt að stofnun fræðsluseturs, (sjá bókun 1).
- Breytingar á launatöflu þannig að fleiri launaflokkar eru í hverjum ramma. Lægsta launatalan er kr. 82.061.- og hæsta launatalan er kr. 304.196.-
- Breyting á vinnutímakaflanum þar sem m.a. annars eru hækkunar á vaktaálagi um nætur og helgar (sjá gr. 1.6 í kjarasamningi).
- Nýr 11. kafli kjarasamningsins sem tekur til með hvaða hætti og hvernig ber að endurnýja vinnustaðasamningana.

- Sameiginleg fræðsla trúnaðarmanna og forráðamanna stofnana um framkvæmd kjarasamningsins/vinnustaðasamningsins.
- Yfirvinna á móti fríi, þannig að starfsmanni er heimilt að safna allt

að 5 frídögum á ári (sjá gr. 2.3.8 í kjarasamningi).

- Ásamt þessu hefur verið samið um framlag í styrktar- og sjúkrasjóð SFR og 2% framlag atvinnurekenda til séreignarsparnaðar.

Kauphækkunar og kaupmáttur til okt. 2004

■ Kauphækkunar á samningstímanum:	
■ Lágmark	16,84%
■ Kaupmáttaraukning miðað við spá	-1,31%
■ Með launapotti	25,02%
■ Kaupmáttaraukning miðað við spá	5,60%
■ Verðbólga á tímabilinu	18,39%
■ Kauphækkunar frá jan 2001	28,74%
■ Kaupmáttaraukning frá jan 2001	8,75%

Verðbólguþá Seðlabanka Íslands:

2001	2002	2003	2004
9,4%	3,0%	2,5%	2,5%

Spjallað við sagnfræðing SFR

Það verða allir að þekkja sögu sína



*Þorleifur Óskarsson
sagnfræðingur að leggja
lokað hönd á sögu SFR*

Saga félagsins kemur væntanlega út á þessu ári, segir Þorleifur Óskarsson sagnfræðingur í stuttu spjalli við tíðindamann ársskýrslu.

-Sögunni er skipt eftir tímabilum, en þetta er samfelld saga og brotin upp með ljósmyndum. Félagið var stofnað í nóvember 1939 en því miður voru menn ekki mjög myndaglaðir í öndverðu. Það eru engar myndir til frá fyrstu starfsárum félagsins. Fyrstu myndirnar af vettvangi félagsins eru frá sjöunda áratugnum. Þetta er tiltölulega slétt og felld saga og ekki mikið um innri átök og spennu. Segja má að það komi mikill kraftur í félagið á sjöunda áratugnum með vaxandi samningsrétti sem BSRB aflaði fyrir aðildarfélög sín.

-Jú, það hafa orðið átök um forystu félagsins, til dæmis í lok sjötta áratugarins en það er ekki fyrr en með auknum baráttuþrótti

Fyrsta verkfall opinberra starfsmanna í október árið 1977. Mótmælafundur var haldinn fyrir utan Háskóla Íslands, þar sem samningaviðræður fóru fram.



BSRB og samningsréttinum að lif og fjör færast í félagið okkar.

-Já, það eru hæðir og lægðir í starfseminni. Á sumum tímabilum, eins og á sjötta áratugnum, var nánast um hnignun að ræða, stöðnun ríkti í félagafjölda og engu líkara en reynt væri að halda aftur af þróun félagsins og vaxtamögnleikar þess hvergi nýttir. Þetta breyttist nokkrum árum síðar.

-Fjöldapróun félaga segir kannski dálítið til um aukinn þrótt þess og kraft á síðustu árum. Stofnendurnir voru ríflega eitt hundrað, tíu árum síðar voru þeir orðnir um 500, svo kom til eins konar stöðunar en fjölgaði svo aftur um hríð vegna átaka um forystuna um 1960. Það er svo á sjöunda áratugnum sem verulega fjölgar í félaginu. 1970 eru félagarnir 1483. Á þessum tíma var ekki ennþá skylda að vera í verka-





Vér mótmælum allir. Opinberir starfsmenn halda fund 6. apríl 1964. Þar mótmæltu menn harðlega niðurstöðu Kjaradóms.

lýðsfélagi en með skylduaðild og samtímis þróun velferðarþjóðfélagsins fjölgaði verulega og árið 1980 voru tæplega 4000 félagar en í dag eru þeir um 5000 talsins.

-Það er óhætt að segja að saga félagsins sé forvitnileg og fjölbreytt að efni og vonandi vilja sem flestir

félagar eignast bókina þegar þar að kemur.

-Verkalýðsfélögin eru afurð reynslunnar, þjóðfélagsþróunar og samtakamáttarins. Meginástæðan fyrir því að saga slíkra félaga er skráð gæti verið sú að menn eru betur í stakk búnir til að takast á við framtíðina eftir en áður, menn geta lært af sögunni, bæði mistökum og ávinningum. Það verða allir að þekkja sögu sína, sagði Þorleifur að lokum.



Formenn SFR frá 1939-1990. Fremri röð frá vinstri: Rannveig Þorsteinsdóttir, Guðjón B. Baldvinsson og Ingólfur Jónsson. Aftari röð: Páll Hafstað, Sverrir Júlíusson, Tryggvi Sigurbjarnarson og Einar Ólafsson. Myndin er tekin árið 1990.

Fjöldi félagsmanna

Í febrúarbyrjun voru félagar sem vinna samkvæmt kjarasamningum SFR 5123 talsins. Af þeim eru 1513 karlar og 3610 konur. Margir félaganna eru í hlutastörfum. Samkvæmt Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna eru 48% kvenna í BSRB í hlutastarfi en aðeins 18% karla.

Lífeyrisþegar SFR

Í febrúarbyrjun voru félagar í lífeyrisþegadeild SFR 780. Hér er bæði um eftirlaunafólk að ræða, öryrkja ekkjur og ekkla.

Ný símstöð - 16.150 símtöl

Á fyrri hluta ársins var tekin í notkun ný símstöð í BSRB-húsinu Búnaðurinn gerir m.a. kleift að mæla fjölda símtala. Á átta mánaða tímabili, frá 1. maí til 31. desember sl., fóru alls 16.150 símtöl í gegnum stöðina.

SFR -félagar vinna hjá 273 stofnunum

Fjöldi stofnana sem félagar í SFR, stéttarfélagi í almannajónustu, vinna hjá eru 273 talsins. Á hverju ári er verið að breyta um form á rekstri margra stofnana, t.d. með þjónustusamningum og hlutafélagavæðingu.

Félagsskírteini-afsláttarhefti

Allir félagsmenn SFR eiga að hafa fengið send félagsskírteini í nýju formi, en hér er um að ræða einkar þægileg plastkort af sígildri stærð slíkra korta. Kortinu fylgdi afsláttarhefti í sama þægilega brotinu.

Aðalfundur SFR árið 2001

62. aðalfundur SFR var haldinn í Félagamiðstöðinni að Grettisgötu 89 laugardaginn 31. mars 2001.

Jens Andrésson, formaður SFR, setti fundinn. Fundarstjórar voru kjörnir Valdimar Leó Friðriksson og Svala Norðdahl, fundarritarar Valborg Einarsdóttir og Þorleifur Óskarsson. Valdimar Leó tók við stjórn fundarins, rakti dagskrána og bar upp fundargerð síðasta aðalfundar til samþykktar. Var hún samþykkt samhljóða. Því næst var gengið til auglýstrar dagskrár.

Skýrsla stjórnar -landnám á nýjum slóðum

Formaður SFR, Jens Andrésson, flutti skýrslu stjórnar.

Hann hóf mál sitt á því að fara yfir nýgerðan kjarasamning, sagði hann mikilvægan áfanga með mörgum félagslegum ávinningum. Í tengslum við samningagerðina fjallaði hann um launamálaráð, vinnu ráðsins við mótun kröfugerðar og ábyrgð þess við gerð kjarasamninga.

Þá hófst almenn leiðsaga formanns yfir starfsemina á síðasta ári. Hann gerði grein fyrir störfum trúnaðarmannaráðs, skrifstofu, fræðslu- nefndar, menningar- og skemmti- nefndar og orlofsnefndar. Í orlofs- málum var formanninum ofarlega í

huga landnám félagsins í Húsafells- skógi, en síðla árs var undirritaður samningur um smíði á tveimur or- lofshúsum þar. Þá minnti hann á að með nýjum kjarasamningi væru í auglýsnið aukin framlög til orlofssjóðs.

Jens rakti öflugna útgáfustarfsemi félagsins og vaxandi upplýsingaflæði til félagsmanna með heimasíðunni, fór yfir helstu þætti í erlendu sam- starfi og staldraði einnig við þing BSRB síðastliðið haust þar sem gerð- ar voru róttækar breytingar á stjórn- kerfi bandalagsins. Sömuleiðis sagði hann frá starfi þróunar- og símennt- unarsjóðs sem var einn ávinningur kjarasamningsins árið 1997.

Loks ræddi formaðurinn um mikilvægi verkalyðshreyfingarinnar, stöðu hennar og framtíð. Samstarfið innan BSRB hefði að venju verið gott og þá væri góð og vaxandi samvinna milli SFR og Starfsmanna- félags Reykjavíkurborgar. Innan vé- banda SFR og meðal forystu og fé- lagsmanna Reykjavíkurfélagsins væri mikill áhugi á að útvíkka þetta sam- starf enn frekar; auka samráð og samvinnu á næstu misserum.

Lagðir fram reikningar félagsins- önnur fundarstörf

Birna Karlsdóttir gjaldkeri gerði

grein fyrir reikningum félagsins. Hún fór yfir rekstrarreikning, heild- artölur og einstaka liði, efnahags- reikning og skýringar með ársreikn- ingi. Þá gerði hún grein fyrir reikn- ingum orlofssjóðs.

Hófust þá umræður um skýrslu stjórnar, reikninga félagsjóðs og or- lofssjóðs. Magnús Pálsson, Birna Karlsdóttir og Árni Stefán Jónsson tóku þátt í umræðunum.

Fundarstjóri bar upp til sam- þykktar reikninga félagsjóðs og or- lofssjóðs og voru þeir samþykktir samhljóða.

Engar tillögur um þriðja fundar- lið, lagabreytingar, lágu fyrir fundin- um og var þegar gengið til næsta máls á dagskrá, 4. liðs, sem var kosning endurskoðenda félagsins.

Fundarstjóri bar upp tillögu trún- aðarmannaráðs um Eyjólf Magnús- son, Hollustuvernd ríkisins og Sigríði Jakobsdóttur, Siglingastofnun. Þessu næst óskaði hann eftir tillögum úr sal en engin barst og var upp borin tillaga samþykkt samhljóða. Þá bar fundarstjóri upp tillögu um vara- menn, Láru Hansdóttur, Trygginga- stofnun ríkisins og Valborgu Einars- dóttur, Landspítala. Tillagan var samþykkt.

Ákvörðun um iðgjald og skipt- ingu milli sjóða.

Fundarstjóri greindi frá því að engin tillaga hefði borist um breytt iðgjald. Það yrði því óbreytt. Þá bar hann fram tillögu stjórnar um að skipting milli sjóða yrði sú sama og verið hefur, þ.e.a.s. að 0,87% renni í fé- lagsjóð og 0,23% í verkfallssjóð. Var tillagan samþykkt samhljóða.





Tekin fyrir málefni starfsmenntunarsjóðs og verkfallssjóðs SFR

Formaður starfsmenntunarsjóðs, Ingibjörg Óskarsdóttir, sagði að árlega væru veittir 1500-2000 styrkir til starfsnáms af margvíslegu tagi. Ingibjörg sagði reikningana tala sínu máli um að staða starfsmenntunarsjóðs væri nokkuð góð og hvatti félagsmenn til að ganga ótrauða inn á brautir hvers kyns starfsmenntunar. Fundarstjóri gaf orðið laust, bar síðan reikningana undir fundinn og voru þeir samþykktir í einu hljóði.

Trausti Hermannsson, gjaldkeri sjóðstjórnar verkfallssjóðs SFR, var forfallaður vegna vinnu og hljóp Ína H. Jónasdóttir, formaður sjóðstjórnar, í skarðið og fór yfir reikninga sjóðsins. Í stuttu máli kom fram að sjóðurinn hefði tapað allnokkru fé vegna almennrar þróunar á verðbréfamörkuðum. Ína undirstrikaði hins vegar að líta bæri á verðbréfaeign sjóðsins sem langtímafjárfestingu. Í því ljósi væri hæpið að líta á niðursveifluna sem tapað fé. Eftir að Ína hafði rakið stöðu og þróun verkfallssjóðs var orðið gefið laust og urðu nú nokkrar umræður um málefni hans. Birna Karlsdóttir gjaldkeri spurði um fjármagnstekjuskatt. Árni Stefán Jónsson framkvæmdastjóri kvað hærri skatt orsakast af breytti umsýslu á hluta verðbréfaeignar sjóðsins og við sölu bréfa væri innheimtur skattur. Um verðbréfaeignina almennt sagði Árni að öllum væri kunnugt um niðursveifluna á síðasta ári en það ástand væri tímabundið. Ávöxtun mundi því skila sér þegar til lengri tíma væri lítið. Frek-

ari umræður urðu ekki og bar nú fundarstjóri upp reikninga sjóðsins til samþykktar. Voru þeir samþykktir samhljóða.

Var þá gengið til kosningar um stjórn verkfallssjóðs. Fundarstjóri bar upp tillögu trúnaðarmannaráðs um eftirtalda í sjóðstjórn: Trausta Hermannsson, Skattstofunni í Reykjavík, Rannveigu Sveinbjörnsdóttur, Siglingastofnun Íslands, Elínu Brimdísi Einarsdóttur, Barna- og unglíngageðdeildinni, Ínu H. Jónasdóttur, Tryggingastofnun ríkisins og Magneu Bjarnadóttur, Skattstofunni á Hellu. Tillagan var samþykkt samhljóða. Sama var uppi á teningnum með varamenn sem kosnir voru en það eru Jörundur Jónsson, Landspítalanum, Sigrún Geirsdóttir, Iðjubergi og Pétur R. Elísson, RARIK - Egilsstöðum.

Tekin fyrir málefni styrktar- og sjúkrasjóðs SFR

Birna Karlsdóttir gerði grein fyrir rekstrarreikningi sjóðsins, sem stofnaður var árið 1999, en árið 2000 var fyrsta heila starfsár hans. Birna gerði grein fyrir breytingum á stjórn sjóðsins á síðasta ári en hún tók við formennsku af Páli Svavarssyni sem lét af störfum að eigin ósk. Hún lauk máli sínu með því að undirstrika að þörfin fyrir sjóðinn væri mikil og hún vonaði að hann mundi nýfast félagsmönnum sem best.

Fundarstjóri bar nú upp tillögu trúnaðarmannaráðs um stjórn styrktar- og sjúkrasjóðs, svohljóðandi: Birna Karlsdóttir, Sýslumanninum í Reykjavík, Guðjón Steinsson, Fasteignamati ríkisins, Guðrún Ívars,

Háskóla Íslands, Magnea Bjarnadóttir, Skattstofunni á Hellu og Friðbjörg Arnþórsdóttir, Krabbameinsfélagi Íslands. Engar uppástungur bárust úr sal og var tillagan samþykkt samhljóða. Þá var borin upp tillaga trúnaðarmannaráðs um Guðrúnu Bjartmarz, Tryggingastofnun ríkisins, sem varamann og var það samþykkt.

Fjárhagsáætlun

Birna Karlsdóttir, gjaldkeri félagsins, fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2001 og rakti einstaka liði hennar. Áætlaðar tekjur félagsjóðs hljóða upp á tæpar 93 milljónir kr. og er áætlaður tekjuafgangur röskar 14 milljónir kr. Áætlaðar tekjur orlofsjóðs eru tæpar 24 milljónir kr. Fundarstjóri gaf orðið laust um fjárhagsáætlunina, enginn tók til máls og var hún samþykkt mótatkvæðalaust.

Ályktanir aðalfundar

Ína H. Jónasdóttir, varaformaður SFR, las upp tillögu trúnaðarmannaráðs að ályktun aðalfundar. Að því loknu var orðið gefið laust og urðu nokkrar umræður um ályktunina. Ari B. Thorarensen, Frimann Sigurnýasson, Birna Karlsdóttir, Jens Andrésson, Theodór Nordquist, Valdimar Leó Friðriksson og Ína H. Jónasdóttir tóku þátt í líflegum umræðum um form ályktana og ýmsar áherslur í þeim. Samþykkt var breytingartillaga í kafla um samfélagslega þjónustu á þá leið að við vildum vera stolt af samfélagsþjónustunni. Að loknum umræðum bar fundarstjóri upp ályktunartillögu trúnaðar-



mannaráðs með breytingartillögunni og var hún þannig samþykkt mótatkvæðalaust.

Önnur mál- Vaðnes

Jens Andr sson lagði fyrir fundinn tillögu stjórnar þess efnis að skammtímaskuld orlofssjóðs við félagssjóð verði bókfærð sem eignarhlutur félagssjóðs í orlofshúsum félagsins í Vaðnesi. Hann rakti forsögu máls og ástæður tillögunnar. Til umræddrar skuldar hefði verið stofnað þegar framkvæmdir stóðu yfir í Vaðnesi á níunda áratugnum og hefði hún fylgt orlofssjóði síðan. Á þeim tíma voru langt í frá glögg skil á milli sjóðanna tveggja en með þessari tillögu væri verið að þurrka endanlega út áður óljós mörk þeirra á millum. Var orðið gefið laust og tók Pétur R. El sson til máls og lýsti sig andsnúinn tillögunni. Pétur velti því einnig fyrir sér hver hagrur félagsmanna væri af rekstri orlofshúsa. Hann setti upp dæmi um félags-

mann sem fengi úthlutað orlofshúsi á fimm ára fresti en á þeim tíma greiddi viðkomandi til félagsins á bilinu 20-30 þúsund kr. vegna þessarar vikudvalar í húsinu.

Árni Stefán Jónsson taldi ósanngjarnt að varpa ábyrgð á umræddri skuld yfir á orlofssjóð og fór nokkrum orðum um útreikninga Péturs í tengslum við hag launafólks af félagslegum lausnum í orlofsmálum. Um framlag í orlofssjóð væri samið við atvinnurekendur en það væri ekki tekið úr vasa einstaklingsins. Hin félagslega leið í orlofsmálum væri að sjálfsögðu vænlegust og hagfelldust öllu launafólki - áratuga reynsla segði sína sögu þar um. Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar. Var hún samþykkt með þorra atkvæða, einn greiddi atkvæði á móti.

Viðurkenning og þakkir

Jens Andr sson formaður sté í pontu og átti lokaorðin á fundinum.

Hann gat þess að á 60 ára afmæli félagsins hefði verið tekin upp sú nýbreytni að veita einum úr hópi trúnaðarmanna sérstaka viðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í þágu félagsins. Ætlunin væri að halda þessu merki á lofti og nú hefði orðið fyrir valinu Anna Atladóttir. Jens afhenti Önnu innramm að skjal af þessu tilefni, sem og gjöf frá félaginu og færði henni þakkir fyrir ötult og óeingjarnt starf í þágu samtakanna. Anna þakkaði fyrir sig en lofaði um leið að draga sig ekki í hlé - eins og oft væri talið viðeigandi þegar fólk fengi viðurkenningar af þessu tagi. Að þessari athöfn lokinni minnti fundarstjóri stjórn SFR á þær ábendingar sem fram hefðu komið á fundinum - að reikninga félagsins mætti kunngera með betri fyrirvara fyrir aðalfundi í framtíðinni og eins ályktanir.

Að lokum bar Jens Andr sson fram þakkir félagsins til Jónasar Hólmsteinssonar sem verið hefur endurskoðandi félagsins svo lengi sem elstu menn muna en hefur nú dregið sig í hlé. Þá þakkaði hann starfsliði fundarins vel unnin störf, félagsmönnum fyrir góðan fund og Áslaugu Haugland ráðskonu fyrir væntanlegar veitingar sem biðu fundarmanna.

Lífeyrisþegadeild SFR

er öflug deild knárra sveina og meyja sem heldur árlega uppi miklu félagslífi. Farið er í sumarferð og á veturna eru haldin þorrablót, jólafundur, sviðaveisla og skemmtifundur. Fréttabréf deildarinnar, Lífeyrisþeginn kom út í sex tölublöðum á árinu. Á starfsárinu sóttu þó nokkrir félagar námskeið og fengu til þess styrk frá deildinni.





Trúnaðarmenn á námskeiði, bæði er boðið upp á grunnnámskeið og framhaldsnámskeið. Auk þess eiga trúnaðarmenn kost á margvíslegu itarefni frá félaginu.

Mikill þróttur í trúnaðarmannaráðinu

Þrjú grunnnámskeið og tvö framhaldsnámskeið fyrir trúnaðarmenn hafa verið haldin á starfsárinu að sögn fræðslustjórnar, Jóhönnu Þórðorsdóttur.

Nýtt trúnaðarmannaráð var kosið í september sl. Síðan þá hafa 72 trúnaðarmenn sótt grunnnámskeiðið, Samstíga til framtíðar I og ríflega 40 hafa komið á framhaldsnámskeiðið Samstíga til framtíðar II.

Þá hefur mæting verið mjög góð á fundi trúnaðarmannaráðs og greinilegt að trúnaðarmenn eru virkir. Ráðamenn, ráðherrar og fleiri hafa komið í heimsókn og þá hafa verið slegin met í mætingu - jafnvel yfir 120 manns.

Gefið hefur verið út sérstakt fréttabréf trúnaðarmanna, Trúnaðarmaðurinn, og hefur það komið út fimm sinnum á starfsárinu. Allir trúnaðarmenn fá handbók til að hafa á vinnustað og fá í hana send gögn, s.s. um launahækkningar, akstursgjald, dagpeninga og aðrar þess

háttar breytingar sem verða alla jafnan.

Til viðbótar við hefðbundnu trúnaðarmannanámskeiðin er þeim boðið upp á fræðslumorgna og nýir

trúnaðarmenn fá sérstaka fræðslu. Fræðslumorgnarnir eru um ýmis efni. Á árinu var gefið út sérstakt veggspjald til að glæða áhuga á störfum trúnaðarmanna.

Kennitölur úr reikningum félagsins

Félagssjóður:

Félagsgjöld	95.874.667
Rekstrargjöld	84.589.355
Rekstarhagnaður	11.285.312

Orlofssjóður:

Félagsgjöld	19.445.328
Leigutekjur	7.663.110
Rekstur orlofshúsa	27.311.661



Tvö ný orlofshús

Þegar Jens formaður klippti á borðann 30. júní síðastliðinn lýsti hann deginum sem gleðidegi fyrir SFR-félaga þegar tekin voru í notkun tvö ný orlofshús í Húsafelli. Húsin eru 60 fermetrar að stærð og búin margvíslegum þægindum.



Fulltrúar SFR í stjórnnum, nefndum og starfshópum innan BSRB

Í stjórn BSRB:

Jens Andrússon,
2. varaformaður BSRB

Í stjórn Vinnudeilusjóðs:

Hjálmtyr Baldursson
Sigríður Jakobsdóttir varamaður

Í stjórn Fulltrúaráðs orlofsheimila BSRB:

Ingibjörg Óskarsdóttir

Endurskoðandi BSRB:

Trausti Hermannsson
Birna Karlsdóttir varamaður

Fræðslunefnd BSRB:

Jens Andrússon

Ritnefnd:

Einar Andrússon
formaður ritnefndar

Jafnréttisnefnd:

Sigríður Kristinsdóttir

Réttindanefnd BSRB:

Árni Stefán Jónsson

Auk þess eigum við fulltrúa í öðrum nefndum BSRB, húsnaðisnefnd, skattanefnd, vinnuverndarhópi og heilbrigðishópi.

Yfirkjörstjórn BSRB:

Anna Atladóttir varamaður

Fulltrúar, sem eru félagsmenn í SFR, í nefndum, ráðum og stjórnnum sem stjórnvöld óska eftir að BSRB tilnefni í:

Ferðakostnaðarnefnd ríkisins:

Guðmundur Ingi Waage

Félagsmálaskóli alþýðu:

Sigríður Kristinsdóttir

Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna:

Jens Andrússon

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins:

Trausti Hermannsson

Nefnd um málefni langveikra barna:

Jens Andrússon

Starfsnefnd um lífeyrismál innan LSR:

Árni Stefán Jónsson

Starfsgreinaráð fyrir heilbrigðis- og félagslega þjónustu:

Árni Stefán Jónsson

Starfsgreinaráð fyrir hönnun, listir og handverk:

Guðmundur Helgason
Nanna Ólafsdóttir varamaður

Stjórn Atvinnuleysis-tryggingasjóðs:

Ína H. Jónasdóttir

Vinnueftirlit ríkisins:

Sigríður Kristinsdóttir varamaður

Svæðisráð svæðisvinnumiðlana: Höfuðborgarsvæðið:

Sigríður Kristinsdóttir

Vestfirðir:

Sverrir Hestnes

Úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta:

Nefnd II höfuðborgarsvæði:
Birna Karlsdóttir

Suðurland:

Sæmundur H. Friðriksson varamaður

Alþjóðasamtök opinberra starfsmanna - PSI, og Evrópusamtökin EPSU:

Jens Andrússon.



Félagstíðindin mælast vel fyrir

Þróttmikil útgáfa Félagstíðinda tíu sinnum á ári. Móttökur góðar, segir Jóhanna Þórdórsdóttir fræðslustjóri.

Blaðið mælist mjög vel fyrir og félagarnir virðast sáttir, segir Jóhanna Þórdórsdóttir, annar umsjónarmanna blaðsins og fræðslustjóri SFR, en Félagstíðindin hafa komið út af miklum þrótti síðastliðið ár í glæsilegum búningi.

-Útgáfan er reglubundin mánaðarlega nema yfir hásumarið, þannig að alls hafa tíu tölublöð verið gefin út frá síðasta aðalfundi. Upplagið er í kringum 6200 eintök, en það er sent bæði heim til félagsmanna og á vinnustaði þeirra. Eldri félagsmenn og fjöldi annarra fá auk þess blaðið sent og því má segja að það fari nokkuð víða.

-Auðvitað er mun meiri vinna í kringum nýja útgáfuformið en það er ánægjulegt hversu vel það mælist fyrir. Breytingarnar urðu um áramótin 2000/2001 þannig að reynsla er komin á þetta form. Miklu skiptir líka að fyrir vikið eru Félagstíðindin orðin vænlegri auglýsingamiðill en áður var.

Hverjir skrifa í blaðið?

-Auk mín skrifa blaðið ritnefndarmenn, starfsmenn á skrifstofu félagsins og Sævar Guðbjörnsson hjá Blásmiðjunni. Síðan skrifa ein-



Jóhanna Þórdórsdóttir fræðslustjóri.

staka félagsmenn, Ína varaformaður og fleira gott fólk. Viðbrögð við breytingum á blaðinu hafa verið góð en við vildum gjarnan fá tillögur eða efni í blaðið frá félagsmönnum.

- Ritnefndin heldur fundi tvisvar í mánuði. Í ritnefnd eru Birna Karlsdóttir, Jan Agnar Ingimundarson, Eyjólfur Magnússon, Sigríður Kristinsdóttir og Valdimar Leó Friðriksson.

Ný heimasíða á döfnni

Heimasíðan er unnin sérstaklega og ekki beinlínis í tengslum við Félagstíðindin. Tækninni fleygir ört fram þannig að bæði efni og framsetning þarf stöðugt að vera í endurskoðun. Von er á endurbættri heimasíðu nú á vormánuðum þar sem allt aðgengi verður mun auðveldara en nú er, segir Jóhanna fræðslustjóri kankvíslega að lokum.

Erlend samskipti

SFR verður í forsæti norrænu samtakanna NSO á næsta ári.

Í ársbyrjun tók stjórn SFR þátt í sérstakra ráðstefnu í Kaupmannahöfn um kosti og galla Evrópusambandsins frá sjónarhóli stéttarsamtaka. Frá þessu var sagt í síðustu ársskýrslu. Þátttakendur voru auk okkar systursamtök SFR í Noregi en fyrirlesarar voru frá öllum Norðurlöndunum.

Að öðru leyti voru erlend samskipti í hefðbundnum farvegi. SFR leggur mikið upp úr samstarfinu innan NSO, sem eru norræn samtök ríkisstarfsmanna. Ráðstefna á vegum NSO var haldin í Helsingeyri síðastliðið sumar. Forysta í þessum samtökum skiptist á milli aðildarfélagana og á næsta starfsári er röðin komin að SFR. Þá verður Jens Andrússon forseti samtakanna og Árni Stefán Jónsson framkvæmdastjóri þeirra.

Sjúkra- og styrktarsjóður - 1356 fengu styrki til forvarnar

Á árinu 2001 voru samþykktar 158 umsóknir vegna sjúkradagpeninga að upphæð rúmar 15 milljónir króna. 1356 umsóknir voru samþykktar vegna forvarnarstarfs, krabbameinsleitar og fleira og voru heildargreiðslur vegna þessa um 5,7 milljónir króna.

Starfsmenntunarsjóður SFR

Starfsmenntunarsjóður SFR samþykkti 1025 umsóknir á síðastliðnu ári að upphæð samtals 27,5 milljónir króna.

Félagið þitt

Félagið þitt, sem er almennur bæklingur um starfsemi félagsins, var endurútfærð í nóvember á síðastliðnu ári. Bæklingurinn er sendur nýjum félagsmönnum og einnig er honum dreift á námskeiðum.

Margir SFR-félagar hafa notað tækifærið og hafið nám í vefskólanum simennt.is. Hér er Matthildur Sif Jónsdóttir að læra inn á leyndardóma tölvumálsins.



Fræðslustarf á vegum SFR

Starfsmannafélag ríkisstofnana hefur unnið markvisst að símenntunarmálum félagsmanna þetta starfsár líkt og undanfarin ár. Boðið hefur verið upp á almenn námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn sem auðga andann ásamt því að ýmsar nýjungar komu fram sem styrkja þá í starfi. Þar má nefna Rekspöl II, vefskóla SFR og aðgang félagsmanna að tölvufræðslu BSRB hjá Nýja tölvu- og viðskiptaskólanum. Einnig hafa verið í boði ýmis námskeið á stofnunum sjálfum sem Þróunar- og símenntunarsjóður hefur styrkt.

Starf fræðslunefndar

Meginstarf fræðslunefndar á starfsárinu var að ákveða dagskrá fyrir námskeið og fyrirlestra sem gengið hafa undir nafninu „Það er gott að vita!“. Um er að ræða samstarfsverkefni SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar (St.Rv.). Góð aðsókn hefur verið að fræðslunni og metnaður verið lagður í að bjóða

upp á eitthvað nýtt efni á hverri önn ásamt því að endurtaka þau námskeið sem hafa verið vel sótt. Hluti af dagskránni er fræðsla til félagsmanna um starfs- og námsráðgjöf en eins og margir vita getur oft verið erfitt að finna það sem hentar hverjum og einum í því fjölbreytta framboði af fræðslu sem á boðstólum er.

Sú nýbreytni var tekin upp að bjóða upp á námskeið undir heitinu „Það er gott að vita!“ á Akureyri í samvinnu við Starfsmannafélag Akureyrarbæjar. Aðsókn var mjög góð. Einnig bauðst félagsmönnum á Suðurlandi að sækja námkeið um siðfræði vinnustaða á Selfossi.

Fræðslunefndin vann líka að hugmyndum fyrir fræðslumorgna trúnaðarmanna.

Vefskóli SFR

Nýmæli í símenntun opinberra starfsmanna varð að veruleika fyrir félagsmenn SFR þann 10. septem-

ber sl. þegar vefskóli SFR var formlega opnaður. Um er ræða viðtæka fræðslumöguleika fyrir félagsmenn á veraldarvefnum eða netinu, eins og sumir kalla það. Þannig hafa SFR-ingar átt þess kost að sækja margvísleg námskeið án endurgjalds í vefskólanum. Nú hafa rúmlega 400 félagsmenn hafið nám í skólanum.

Rekspölur II

Rekspeli II var hleypt af stokkunum á haustönn 2001 og var fljótt fullbókað á öll námskeiðin sex sem í boði voru. Í námsmati yfir námskeiðið á haustönn kemur fram mikil og almenn ánægja. Þá telur fólk einnig að námskeiðið nýtist sér í starfi. Ákveðið var að halda 9 námskeið af Rekspeli II á vorönn 2002. Fimm þeirra verða í Reykjavík og Munaðarnesi en góð reynsla var af þeirri samsetningu á haustönn. Þó komu ábendingar um að sumir félagsmenn ættu erfitt með að kom-



Mennt er máttur. Fjöldi manna bókaði sig á námskeiðið Rekspölur II.

ast í Munaðarnes af fjölskyldu-ástaðum og því verður eitt námskeið haldið eingöngu í Reykjavík. Þá verða tvö námskeið haldin á Akureyri og eitt á Selfossi.

Vika símenntunar

Þann 8. september sl. tók SFR þátt í fræðsluhátíð í Kringlunni í tilefni af viku símenntunar. Fulltrúar úr stjórn SFR og starfsmenn fræddu gesti og gangandi um fræðslumöguleika SFR-félaga. Einnig voru heimsóknir á vinnustaði þar sem kynnt var framboð SFR í fræðslumálum.

Fræðslusetrið Starfsmennt

SFR, St.Rv., Kjarni og Samflotið stofnuðu á haustdögum Fræðslusetrið starfsmennt í samvinnu við fjármálaráðuneytið sbr. bókun 1 í kjarasamningi SFR og fjármálaráð-

herra sem skrifað var undir 25. mars 2001. Um er að ræða samstarf sem snýr að þeim ríkisstarfsmönnum sem eru félagsmenn fyrrgreindra félaga.

